

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Fundargerð

Verknr. 1156

2. fundur svæðisskipulagsnefndar í Tjarnarlundi, Saurbæ, í Dalabyggð

Þriðjudaginn 4. apríl 2016, kl. 16:00-18:00

7/4/2016

Fundarefni: Drög að verkefnislýsingu, hagsmunaaðilagreining og samráðsfyrirkomulag.

Fundarmenn: Aðalmenn í svæðisskipulagsnefnd: Ágúst Már Gröndal, Halla Steinólfsdóttir, Ingibjörg Emilsdóttir, Haraldur V. A. Jónsson, Hörður Hjartarson og Karl Kristjánsson. Sveitarstjórar: Andrea K. Jónsdóttir, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og Sveinn Pálsson. Ráðgjafar Alta: Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Herborg Árnadóttir.

Fundarstjóri: Matthildur Kr. Elmarsdóttir

Fundarritari: Herborg Árnadóttir

Dagskrá:

1. Setning og kynning fundar
2. Kosning formanns og varamanns
3. Punktur frá síðasta fundi
4. Kynning á drögum að lýsingu skipulagsverkefnis. Umræður og ákvörðun um næstu skref
5. Samráðsfundur með heimamönnum í vor
6. Önnur mál

1. Setning og kynning fundar

Þar sem formaður hafði ekki verið kjörinn á fyrsta fundi nefndarinnar setti Matthildur fundinn og kynnti dagskrá. Henni var falinn fundarstjórn og Herborgu fundarritun.

2. Kosning formanns og varamanns

Ingibjörg Emilsdóttir var valinn formaður og Karl Kristjánsson varaformaður og var einhugur um það val.

3. Punktur úr umræðum á síðasta fundi

Matthildur fór yfir punkta frá umræðum á fyrsta fundi svæðisskipulagsnefndar þar sem nefndin og gestir hennar (fulltrúar sveitarstjórna og valinna nefnda og starfsfólk frá sveitarfélögunum) var spurt út í væntingar sínar til verkefnisins sem framundan er og þær áherslur sem mikilvægt væri að fylgja. Í þeim umræðum kom fram sá skilningur að verkefnið snérist í grundvallaratriðum um samstarf, byggðaþróun, greiningu og stefnumótun og að leggja þyrfti áherslu á eftirfarandi við vinnslu svæðisskipulagsins: Að gott samráð verði haft við íbúa; að jafnræði milli sveitarfélaga sé gætt og tekið tillit til þess að þau séu ólík innbyrðis; að ferlið verði opið og vinnan vonduð og fagleg; að kostnaður verði í samræmi við áætlanir og að verkefnið og framgangur þess verði vel kynnt. Í umræðum um mögulegan árangur af verkefninu til lengri og skemmri tíma voru t.d. nefnd eftirfarandi atriði: Að svæðisskipulag verði sóknaráætlun sveitarfélaganna og heildræn stefna þeirra í umhverfismálum; að skilningur íbúa á verðmætum svæðisins aukist og á möguleikum til nýtingar m.t.t. viðhalds lífríkis og náttúruverndar; að með tíð og tíma verði meiri nýsköpun, vöruþróun og fjölbreytni í atvinnulífi um leið og hefðbundnar greinar styrkjast; að ímynd svæðisins styrkist sem auðveldi markaðsmál og þróun vörumerkis; að tengsl myndist milli ferðaþjónustuaðila á svæðinu og

milli þeirra og aðila í landbúnaði og sjávarútvegi; að til verði sameiginleg sýn á sýn á uppbyggingu ferðaleiða og áfangastaða; að haldið verði utan um hreinleika svæðisins og verðmæt svæði m.t.t. landslags og náttúru; samgöngur bættar; og að samstarf sveitarfélaganna á ýmsum sviðum aukist.

Svæðisskipulagsnefnd mun hafa þessa punkta til hliðsjónar við mótun verkefnislýsingar og vinnslu svæðisskipulagsverkefnisins.

4. Kynning á drögum að lýsingu skipulagsverkefnis. Umræður og ákvörðun um næstu skref

Matthildur kynnti drög að verkefnislýsingu sem höfðu verið send til nefndarinnar fyrir fundinn. Verkefnislýsingin útskýrir hvernig staðið verður að gerð svæðisskipulagsáætlunarinnar. Hlutverk skjalsins er að gefa íbúum svæðisins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Einnig að upplýsa þá um hvar og hvernig tækifæri gefist til þátttöku í vinnuferlinu. Skjalið er unnið í samræmi við 23. gr. skipulagslaga sem kveður á um að við upphaf vinnu við gerð svæðisskipulagstillögu skuli svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu.“

Í drögnum er stillt upp spurningum til lesenda; íbúa, annarra hagsmunaaðila og umsagnaraðila. Þær eru til þess að vekja athygli á tilgangi skjalsins og eru fyrsta skref í að opna samtal um verkefnið. Lýsingin verður kynnt á vef verkefnisins, www.samtakamattur.is, Facebooksíðu þess og á vefjum sveitarfélaganna, auk þess sem hún verður send til umsagnar fjölmargra aðila sem listaðir verða í skjalinu.

Svæðisskipulagsnefnd fól Alta að vinna áfram að verkefnislýsingunni á grunni þeirra draga sem kynnt voru. Einn hluti lýsingarinnar hagsmunaaðilagreiningu og munu nefndarfulltrúar fara yfir þann lista og bæta inn í hann eftir þörfum. Lengra unnin drög að lýsingu verða send til nefndarinnar síðar í apríl til frekari rýni og gert er ráð fyrir afgreiðslu lýsingarinnar til kynningar og umsagnar í maí, að afloknum samráðsfundi með íbúum, sbr. næsta lið hér að neðan.

5. Samráðsfundur með heimamönnum í vor

Einn hluti af verkefnislýsingunni er að lýsa hvernig staðið verður að samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila við svæðisskipulagsgerðina. Í þeim drögum sem kynnt voru á fundinum gert ráð fyrir að leitað verði til fjölmargra aðila um þátttöku í vinnufundum, annars vegar í vor og hinsvegar í haust eða næsta vetur. Út frá hagsmunaaðilagreiningunni verður leitast til að ná til breiðs hóps þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem svæðisskipulagið mun fjalla um, en jafnframt verða fundirnir opnir öllum þeim sem vilja taka þátt. Ákveðið var að halda fyrri fundinn þann 26. apríl nk. í Tjarnarlundi, Saurbæ í Dalabyggð en hann er staðsettur um það bil á miðju svæðinu. Á fundinum verða drög að verkefnislýsingu kynnt og rætt um viðfangsefni svæðisskipulags og forsendur þeirra. Þannig verður íbúum gefið tækifæri til að hafa áhrif á nálgun og efni verkefnisins. Gengið verður frá verkefnislýsingunni í kjölfarið og hún afgreidd í svæðisskipulagsnefnd.

6. Önnur mál

Rætt var um fyrirkomulag á fundarritun og frágangi fundargerða svæðisskipulagsnefndar. Ákveðið var að ráðgjafi frá Alta myndi sjá um ritun fundargerða og að þær yrðu sendar til nefndarfulltrúa að afloknum hverjum fundi til athugasemda og samþykktar.

Fundi slitið 18:00.

Sent til: Aðal- og varafulltrúa í svæðisskipulagsnefnd og sveitarstjóra eftir yfirlestur og samþykkt fundarmanna.